

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/61/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 472/09/COL frá 25. nóvember 2009 um sjötugustu og fimmtu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; við bætist nýr kafli um endurnýjað rekstrarhæfi og mat á ráðstöfunum til endurskipulagningar í fjármálafyrirtækjum í yfirstandandi fjármálakreppu samkvæmt reglum um ríkisaðstoð. . . . .	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2011/EES/61/02		Kæra Hurtigruten ASA á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 29. ágúst 2011 (Mál E-10/11) . . . . .	15
2011/EES/61/03		Kæra Konungsríkisins Noregs á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 29. ágúst 2011 (Mál E-11/11) . . . . .	16
2011/EES/61/04		Kæra Asker Brygge AS á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 13. september 2011 (Mál E-12/11) . . . . .	17
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/61/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6235 – Honeywell/Sinochem/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	18
2011/EES/61/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6382 – Unipapel/Spicers) . . . . .	19
2011/EES/61/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6389 – Eni/Nuon Belgium/Nuon Wind Belgium/Nuon Power Generation) . . . . .	20
2011/EES/61/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6405 – Banco Santander/Certain Assets of RBS (Rainbow)). . . . .	21
2011/EES/61/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6408 – EAH/Mitsubishi Electric/Mitsubishi/ETAM) . . . . .	22

<b>2011/EES/61/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6420 – Dong Energy/Shell Gas Direct) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>23</b>
<b>2011/EES/61/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6423 – Carlyle/H&F/Pharmaceutical Product Development) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>24</b>
<b>2011/EES/61/12</b>	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.6397 – G4S/ISS) . . . . .	<b>25</b>
<b>2011/EES/61/13</b>	Upplýsingar sem borist hafa frá aðildarríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu) . . . . .	<b>26</b>
<b>2011/EES/61/14</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB frá 17. júní 2008 um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu . . . . .	<b>32</b>

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/61/01

472/09/COL

frá 25. nóvember 2009

**um sjötugustu og fimmtu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; við bætist nýr kafli um endurnýjað rekstrarhæfi og mat á ráðstöfunum til endurskipulagningar í fjármálafyrirtækjum í yfirstandandi fjármálakreppu samkvæmt reglum um ríkisaðstoð**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum ákvæða 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflíð b) 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða Eftirlitsstofnun EFTA álitur það nauðsynlegt.

Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar 19. janúar 1994 <sup>(4)</sup>,

Hinn 14. ágúst 2009 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (hér eftir: „framkvæmdastjórn EB) orðsendingu um endurnýjað rekstrarhæfi og mat á ráðstöfunum til endurskipulagningar í fjármálafyrirtækjum í yfirstandandi fjármálakreppu samkvæmt reglum um ríkisaðstoð <sup>(5)</sup>,

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og EFTA-ríkin með bréfi um þetta efni sem dagsett var 20. október 2009 (skjöl nr. 534132, 534133 og 534134).

<sup>(1)</sup> [Á ekki við í íslenska textanum.]

<sup>(2)</sup> „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(3)</sup> „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(4)</sup> Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (nú *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*; hér eftir: Stjtið. EB eða Stjtið. ESB) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrétt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>.

<sup>(5)</sup> Birt í Stjtið. ESB C 195, 19.8.2009, bls. 9.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð breytast þannig að við bætist nýr kafli um endurnýjað rekstrarhæfi og mat á ráðstöfunum til endurskipulagningar í fjármálafyrirtækjum í yfirstandandi fjármálakreppu samkvæmt reglum um ríkisaðstoð. Nýi kafli er birtur í viðauka við ákvörðun þessa.

*2. gr.*

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA.

***Per Sanderud***

Forseti

***Kurt Jaeger***

Stjórnarmaður

## VIÐAUKI

**Kaflinn um endurnýjað rekstrarhæfi og mat á ráðstöfunum til endurskipulagningar í fjármála-fyrirtækjum í yfirstandandi fjármálakreppu samkvæmt reglum um ríkisaðstoð<sup>(1)</sup>****1. INNGANGUR**

- 1) Óhjákvæmileg forsenda þess að unnt sé að leysa úr yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu er að traust skapist á ný á fjármálamarkaði og starfsemi hans komist aftur í eðlilegt horf<sup>(2)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA tekur fram að með tilliti til þess að um er að ræða kerfislega kreppu og að starfsemi fjármálageirans einkennist af nánnum innri tengslum hefur verið stofnað til ýmissa aðgerða á vettvangi EB í því skyni að byggja upp á ný traust í fjármálakerfinu, verja innra markaðinn og tryggja að ekki verði lánsfjárskortur í hagkerfinu<sup>(3)</sup>.
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA tekur undir það sjónarmið að jafnframt því framtaki þurfi einstakar fjármálastofnanir að leggja sitt að mörkum ef þeim á að takast að komast yfir núverandi fjármálakreppu og byggja upp rekstrarhæfi til langframa án ríkisstuðnings þannig að útlánastarfsemi þeirra fari fram á traustara grunni. Á vettvangi Evrópubandalagsins hefur framkvæmdastjórnin þegar til athugunar ýmis ríkisaðstoðarmál sem varða aðgerðir sem EB-ríkin hafi ráðist í til þess að forðast vandamál sem tengjast lausafjárskortu, ógjaldfærni eða útlánatregðu. Eftirlitsstofnun EFTA hefur, í þremur samstæðum köflum í leiðbeinandi reglum sínum um ríkisaðstoð, birt leiðsögn um útfærslu og framkvæmd ríkisaðstoðar í þágu banka<sup>(4)</sup>. Í þessum köflum er viðurkennt að yfir standi nægilega djúp kreppa til að réttlæta aðstoð, og telja megi slíka aðstoð samrýmanlega EES-samningnum með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins, og reglurnar, sem þar eru afmarkaðar, eiga að gera EFTA-ríkjunum kleift að viðhalda eðlilegu samhengi í aðgerðum sínum þegar kemur að opinberum ábyrgðum, endurfjármögnun og yfirtöku virðisrýnaðra eigna. Helsti tilgangur þeirra reglna er að tryggja að með björgunaraðgerðum náist að fullu markmiðin um stöðugleika fjármálakerfisins og óhindrað lánsfjárframboð, jafnframt því að tryggja jafnræði með bankastofnunum<sup>(5)</sup> sem eru starfandi í mismunandi EES-ríkjum, svo og með bönkum sem þiggja aðstoð hins opinbera og þeirra sem fá ekki slíka aðstoð, forðast skaðlega styrkjakeppni, draga sem mest úr freistnivanda og skjóta stoðum undir samkeppnishæfni og arðsemi banka í EES-ríkjunum, bæði á EES-markaði og á alþjóðavettvangi.
- 3) Ríkisaðstoðarreglurnar nýtast sem verkfæri til að tryggja að gott samhengi sé milli ráðstafana þeirra EFTA-ríkja sem ráðast í aðgerðir. Ákvörðunarvald um það hvort ganga skuli á almannafé, svo sem í því skyni að verja banka áföllum vegna virðisrýnaðra eigna, er hins vegar hjá EFTA-ríkjunum. Í sumum tilvikum standa fjármálastofnanir nægilega styrktum fótum til að takast á við yfirstandandi kreppu án þess að umtalsverð rekstrarhagræðing eða viðbótaraðstoð komi til. Í öðrum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að grípa til ríkisaðstoðar á borð við ábyrgðir, endurfjármögnun eða yfirtöku virðisrýnaðra eigna.
- 4) Þegar fjármálastofnun hefur fengið ríkisaðstoð ber stjórnvöldum í hlutaðeigandi EFTA-ríki að leggja fram áætlun um hvernig rekstrarhæfi verði viðhaldið, eða enn viðtækari endurskipulagningaráætlun, til þess að skýra hvernig unnt sé að treysta rekstrarhæfi einstakra banka eða gera þá rekstrarhæfa á ný til frambúðar án þess að þeir þurfi að reiða sig á stuðning ríkisins. Þegar hefur verið gerð grein fyrir því hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að banki geti talist þurfa á umfangsmeiri endurskipulagningu að halda, svo og hvenær þörf er aðgerða til að vinna gegn samkeppnisröskun sem aðstoðin hefur haft í för með sér<sup>(6)</sup>. Engar breytingar verða á þessum viðmiðum með kaflanum sem hér birtist. Öllu heldur er hér að finna viðbætur sem hafa það að markmiði að gera framkvæmdina fyrirsjáanlegri og heildstæðari með því að skýra hvernig Eftirlitsstofnun

<sup>(1)</sup> Kaflinn, sem hér birtist, samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna (hér eftir: „framkvæmdastjórnin“) um endurnýjað rekstrarhæfi og mat á ráðstöfunum til endurskipulagningar í fjármálafyrirtækjum í yfirstandandi fjármálakreppu samkvæmt reglum um ríkisaðstoð, sjá Stjttíð. ESB C 195, 19.8.2009, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdastjórnin vísaði í 1. lið orðsendingar sinnar, sem um getur í 1. neðanmálsgrein hér á undan, til samsvarandi stefnumörkunar leiðtogaáráðsins á fundum þess 20. mars 2009 og 18. og 19. júní 2009.

<sup>(3)</sup> Í orðsendingu sinni til leiðtogaáráðsins frá 4. mars 2009, „Aðgerðir til efnahagsbata í Evrópu“ COM(2009) 114 lokaútg., lýsti framkvæmdastjórnin umbótaáætlun sem ætlað væri að bæta úr helstu veikleikum í regluverkinu sem gildir um fjármálastofnanir í Evrópubandalaginu.

<sup>(4)</sup> Sjá kaflana um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana (hér eftir: „leiðbeinandi reglur um bankastofnanir“), endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu (hér eftir: „leiðbeinandi reglur um endurfjármögnun“) og um meðferð virðisrýnaðra eigna í bankakerfi EES-ríkjanna (hér eftir: „leiðbeinandi reglur um virðisrýnaðar eignir“).

<sup>(5)</sup> Ákvæði þessa kafla gilda aðeins um fjármálastofnanir eins og þær eru skilgreindar í leiðbeinandi reglum um bankastofnanir. Í leiðbeiningum kaflans er til einföldunar rætt um „banka“. Að breyttu breytanda gilda þær þó um aðrar fjármálastofnanir eftir því sem við á.

<sup>(6)</sup> Útlitun á þessum skilyrðum, og þeim sérstöku aðstæðum sem leiða af sér skyldu til að leggja fram endurskipulagningaráætlun, er að finna í leiðbeinandi reglum um bankastofnanir, leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun og leiðbeinandi reglum um virðisrýnaðar eignir. Hér er einkum, en þó ekki eingöngu, um að ræða aðstæður þar sem ríkið hefur endurfjármagnað banka sem stóð höllum fæti, eða þar sem banki, sem hefur verið losaður við virðisrýnaðar eignir, hefur þegar fengið ríkisaðstoð af einhverju tagi (aðra en þátttöku í ábyrgðarkerfi) sem gerir honum kleift að standa undir tapi eða forðast það og nemur þegar allt er talið hærri fjárhæð en 2% af áhættuvegnum eignum bankans í heild. Hve djúptæk endurskipulagningin þarf að vera ræðst af því hversu mikinn vanda er við að glíma í hverjum banka fyrir sig. Á hinn bóginn gildir sú regla samkvæmt þessum leiðbeinandi reglum (nánar tiltekið 40. mgr. reglnanna um endurfjármögnun og V. viðauka við reglurnar um virðisrýnaðar eignir) að hafi takmörkuð aðstoðarfjárhæð runnið til banka sem standa traustum fótum í grundvallaratriðum ber stjórnvöldum í hlutaðeigandi EFTA-ríkjum að senda Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu um notkun ríkisfjármunanna og skal þar koma fram hvaðeina sem nauðsynlegt ert til að unnt sé að meta rekstrarhæfi bankans, hvernig hann hefur notað fjármunina og hvað fyrirhugað er að gera til að hann hætti að þurfa á stuðningi ríkisins að halda. Í yfirliti um rekstrarhæfi slíkra banka þarf áhættustaða þeirra og áætluð eiginfjárstaða að koma skýrt fram ásamt mati á viðskiptaáætlun þeirra.

EFTA metur hvort aðstoð til endurskipulagningar <sup>(7)</sup>, sem EFTA-ríkin veita fjármálastofnunum við núverandi aðstæður djúpstæðrar kreppu, getur talist samrýmanleg gildandi reglum með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

- 5) Í leiðbeinandi reglum um bankastofnanir, um endurfjármögnun og um virðisrýrnaðar eignir eru ítrekuð þau meginsjónarmið sem byggt er á í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum <sup>(8)</sup>. Þau sjónarmið fela í sér þá kröfu, fyrst og fremst, að endurskipulagningaraðstoð verði að gera fyrirtækið rekstrarhæft á ný þannig að ríkisaðstoð verði óþörf. Þá er ætlast til þess að í tengslum við endurskipulagningaraðstoð sé leitast við, eftir því sem kostur er, að ná fram eðlilegri skiptingu útgjaldabyrða og draga sem mest úr samkeppnisröskun, enda myndi slík röskun veikja verulega stöðir viðkomandi markaðar og grafa undan starfsemi hans.
- 6) Þegar þessum sjónarmiðum er beitt skiptir öllu máli að hugað sé að því að skerða ekki starfsemi innra markaðarins og að efla bankakerfið á öllu EES; forðast ber sundrun og uppskiptingu markaðarins. Stefna ber að því að bankar í EES-ríkjunum standi traustum fótum alþjóðlega á grundvelli sameiginlegs fjármálamarkaðar EES þegar yfirstandandi kreppa er liðin hjá. Þá ítrekar Eftirlitsstofnun EFTA að mikils er um vert að allar breytingar séu undirbúnar og framkvæmdar að teknu tilliti til félagslegra sjónarmiða og leggur áherslu á nauðsyn þess að farið sé að ákvæðum landslaga sem fela í sér innleiðingu þeirra tilskipana EB um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá og gilda við slíkar aðstæður.
- 7) Í þessum kafla er skýrt hvernig stofnunin hyggst rannsaka aðstoð sem er veitt vegna endurskipulagningar banka í yfirstandandi fjármálakreppu, með vísan til þess að nauðsynlegt er að endurskoða þær aðferðir, sem stuðst hefur verið við áður, að teknu tilliti til þess hvers eðlis kreppan er og að hún er alþjóðleg, að banka-geirinn er hluti af því kerfi sem efnahagslífið treystir á, og þeirra kerfisáhrifa sem komið geta fram þegar nokkrir bankar þurfa að ganga í gegnum endurskipulagningu samtímis:
  - Í endurskipulagningaráætluninni verður að koma fram ítarleg greining á vandanum sem bankinn á við að glíma. Ef unnt á að vera að setja saman raunhæfa áætlun um hvernig bankar verði gerðir rekstrarhæfir á ný verður þess því krafist að rekstur þeirra verði álagsprófaður. Þessi fyrsti áfangi á þeirri leið að gera bankana aftur rekstrarhæfa þarf að hvíla á sameiginlegum forsendum sem reistar eru, eftir því sem við verður komið, á viðeigandi aðferðum sem EES-ríkin hafa komið sér saman um. Þá verður einnig ætlast til þess að bankarnir geri grein fyrir virðisrýnuðum eignum sínum, eftir því sem við á <sup>(9)</sup>.
  - Með vísan til þess höfuðmarkmiðs að standa vörð um stöðugleika fjármálakerfisins, og þeirra erfiðleika sem við blasa í efnahagslífi EES-ríkjanna í heild, verður hugað sérstaklega að því hvernig endurskipulagningaráætlunin er mótuð, einkum til þess að tryggja að nauðsynlegir framkvæmdaráfangar einkennist af raunsæi og tímasetningar séu nægilega sveigjanlegar. Þegar ekki reynist unnt að koma skipulagsaðgerðum tafarlaust til framkvæmda vegna aðstæðna á markaði ber að huga að því að reisa skorður við tilteknum athöfnum til bráðabirgða.
  - Við beitingu grundvallarreglunnar um eðlilega skiptingu útgjaldabyrða milli EFTA-ríkjanna og bankanna, sem þiggja aðstoð, verður af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA tekið mið af almennu ástandi fjármálageirans. Þegar bankar geta ekki tekið á sig verulegar útgjaldabyrðar að sinni vegna aðstæðna á markaði á þeim tíma sem björgun þeirra fer fram skal huga að þessu atriði á seinni stigum endurskipulagningaráætlunarinnar.
  - Í tengslum við ráðstafanir til að draga úr samkeppnisröskun af völdum banka sem nýtur björgunaraðstoðar, hvort heldur sem er í sama EFTA-ríki eða öðrum EES-ríkjum, skal þess gætt að aðrir bankar hafi sem minnst óhagræði af slíku, og taka ber tillit til þess að mjög víðtæk ríkisafskipti hafa reynst nauðsynleg í þessari grein vegna kerfisáhrifa yfirstandandi fjármálakreppu.
  - Komið getur til greina að veita viðbótaraðstoð á endurskipulagningartímanum ef það getur talist réttmætt með vísan til þess markmiðs að varðveita stöðugleika fjármálakerfisins. Ef viðbótaraðstoð er veitt verður hún að takmarkast við það sem er nauðsynlegt til að tryggja rekstrarhæfi viðkomandi banka.

<sup>(7)</sup> Þ.e. aðstoð sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur heimilað sem tímabundna björgunaraðstoð í samræmi við leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum eða aðstoð sem heimilud hefur verið tímabundið með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, svo og hver sú ný aðstoð sem tilkynnt kann að verða sem nauðsynleg endurskipulagningaraðstoð. Þetta merkir að við mat á endurskipulagningaraðstoð, sem veitt er bönkum við núverandi aðstæður djúpstæðrar kreppu, verður beitt ákvæðum þessa kafla í stað leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum.

<sup>(8)</sup> Á vettvangi Evrópuandalagsins hefur framkvæmdastjórnin á liðnum árum tekið ýmsar ákvarðanir um endurskipulagningaraðstoð (sem telst samrýmanleg gildandi reglum með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans) við banka sem standa höllum fæti þar sem byggt hefur verið á viðamiklu endurskipulagningarferli sem gert hefur aðstoðarþegunum kleift að öðlast rekstrarhæfi á ný til frambúðar án þess að aðstoðin bitnaði um of á keppinautum þeirra. Meðal aðferða, sem notaðar hafa verið við endurskipulagningu, eru endurskoðun viðskiptaáætlana, lokun eða sala rekstrareininga, dótturfélaga eða útibúa, breytingar á eigna- og skuldastýringu, sala fyrirtækisins sem félags í fullum rekstri eða skipting þess ásamt sölu einstakra deilda til rekstrarhæfra keppinauta. Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/490/EB frá 20. maí 1998 um aðstoð sem stjórnvöld í Frakklandi hafa veitt Crédit Lyonnais-samsteypunni (Stjtið. EB L 221, 8.8.1998, bls. 28), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/345/EB frá 18. febrúar 2004 um aðstoð sem stjórnvöld í Þýskalandi hafa veitt til endurskipulagningar í Bankgesellschaft Berlin AG (Stjtið. ESB L 116, 4.5.2005, bls. 1), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/341/EB frá 4. júní 2008 um ríkisaðstoð C 9/2008 (áður NN 8/2008, CP 244/07) sem stjórnvöld í Þýskalandi hafa veitt Sachsen LB (Stjtið. ESB L 104, 24.4.2009, bls. 34), og frammistöðumat ríkisaðstoðar frá haustinu 2006, COM(2006) 761 lokaútg., bls. 28 ([http://ec.europa.eu/comm/competition/state\\_aid/studies\\_reports/2006\\_autumn\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/comm/competition/state_aid/studies_reports/2006_autumn_en.pdf)), sem hefur að geyma sérstakt yfirlit um aðstoð sem veitt hefur verið til björgunar og endurskipulagningar.

<sup>(9)</sup> Í samræmi við ákvæði leiðbeinandi reglna um virðisrýrnaðar eignir.

- 8) Ákvæði 2. undirkafla í þessum kafla eiga við í þeim tilvikum er stjórnvöldum í EFTA-ríki er skylt að tilkynna endurskipulagningaráætlun<sup>(10)</sup>. Stjórnarmíðin, sem liggja til grundvallar ákvæðum 2. undirkafla, eiga á hliðstæðan hátt við í þeim tilvikum er stjórnvöldum í EFTA-ríki ber ekki formleg skylda til að tilkynna endurskipulagningaráætlun, en þurfa engu að síður að sýna fram á að banki, sem þiggur aðstoð, geti orðið rekstrarhæfur<sup>(11)</sup>. Í þessu síðarnefnda tilviki biður Eftirlitsstofnun EFTA að jafnaði um minna ítarlegar upplýsingar<sup>(12)</sup>, nema þegar um ræðir aðstæður sem einhver vafi leikur á um. Í vafatilvikum mun stofnunin einkum fara fram á gögn sem sýna fram á að fullnægjandi álagsprófun hafi farið fram, í samræmi við 13. mgr., og að lögbært landsyfirvald hafi vottað niðurstöður þeirrar prófunar. Ákvæði 3., 4. og 5. undirkafla eiga aðeins við í þeim tilvikum er stjórnvöldum í EFTA-ríki er skylt að tilkynna endurskipulagningaráætlun. Í 6. undirkafla er að finna ákvæði um gildistíma þessa kafla og eiga þau bæði við um EFTA-ríki sem er skylt að tilkynna áætlun um endurskipulagningu aðstoðarþega og um EFTA-ríki sem þurfa aðeins að sýna fram á að aðstoðarþegar geti orðið rekstrarhæfir á ný.

## 2. BANKAR GERÐIR REKSTRARHÆFIR TIL FRAMBÚÐAR

- 9) Þegar stjórnvöldum í EFTA-ríki er skylt, samkvæmt eldri leiðbeiningum eða ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA, að leggja fram endurskipulagningaráætlun<sup>(13)</sup> skal leggja fram tæmandi og ítarlega áætlun sem byggð er á heildstæðum grundvallarhugmyndum. Í áætluninni þarf að koma fram hvaða leiðir bankinn hyggst fara til að byggja upp rekstrarhæfi sitt til frambúðar sem fyrst og hætta að þiggja ríkisaðstoð<sup>(14)</sup>. Í tilkynningu um endurskipulagningaráætlun þarf að koma fram samanburður við aðrar leiðir sem hugsanlegt hefði verið að fara, m.a. að skipta bankanum upp eða láta hann renna inn í annan banka, til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið<sup>(15)</sup> hvort tiltækar eru markaðsmiðaðri, ódýrari eða minna samkeppnisraskandi lausnir sem unnt væri að notast við án þess að stefna stöðugleika fjármálakerfisins í hættu. Ef sú leið hefur reynst ófær að gera bankann rekstrarhæfan á ný verður að koma fram í endurskipulagningaráætluninni hvernig unnt er að standa að slitum hans á skipulegan hátt.
- 10) Í áætluninni ber að tilgreina orsakir þess að bankinn á í erfiðleikum og hverjir veikleikar hans eru, og lýsa því í stórum dráttum hvernig fyrirhugaðar endurskipulagningaráðgerðir eiga að ráða bót á þeim grundvallarvanda sem bankinn glímir við.
- 11) Í endurskipulagningaráætluninni skal lýst viðskiptaáætlun aðstoðarþegans, og þá einkum hvernig skipulagi hans er háttáð, hvernig hann er fjármagnaður (sýna þarf fram á rekstrarhæfi með tilliti til fjármögnunar bæði til skemmri og lengri tíma<sup>(16)</sup>), hvernig stjórn félagsins er háttáð (sýna þarf fram á að unnið sé gegn hagsmunaaðrekstrum og að nauðsynlegar breytingar hafi verið gerðar í hópi stjórnenda<sup>(17)</sup>), áhættustýringu (m.a. þarf að skýra frá virðisrýrnuðum eignum bankans og sýna fram á að safnað hafi verið á varúðarþrenging vegna væntanlegs útlánataps) og eigna- og skuldastýringu, væntanlegt sjóðstreymi (sem þarf að vera nægilegt til að stuðnings ríkisins sé ekki þörf), skuldbindingar utan efnahagsreiknings (þegar bankinn ber umtalsverða áhættu vegna slíkra skuldbindinga verður að sýna fram á að hann sé fær um að standa undir þeim<sup>(18)</sup>), skuldsetningu, núverandi og vænt eiginfjárlutfall samkvæmt gildandi reglum eftirlitsyfivalda (miðað við mat byggt á varúðarsjórnarmíðum og fullnægjandi varasjóði) og hvatakerfi fyrir starfsmenn bankans<sup>(19)</sup>, (sýna þarf hvernig slíkt kerfi getur stuðlað að arðsemi aðstoðarþegans til langs tíma litið).
- 12) Greina þarf rekstrarhæfi sérhvers hluta rekstrarins og sérhverrar uppsprettu hagnaðar og sýna sundurliðun eftir þörfum. Endurnýjun á rekstrarhæfi bankans verður að byggjast fyrst og fremst á ráðstöfunum sem lúta að innri starfsemi hans. Taka má tillit til ytri þátta sem fyrirtækið ræður litlu um, til dæmis breytinga á verði og eftirspurn, en þó því aðeins að ályktanir um þróun markaðarins í því samhengi njóti almennrar viðurkenningar. Endurskipulagningin verður að fela í sér að lögð sé af starfsemi sem yrði áfram óarðbær þáttur í starfsemi fyrirtækisins til meðallangs tíma litið.
- 13) Rekstrarhæfi til frambúðar er náð þegar bankinn getur staðið undir öllum kostnaðarþáttum, þ.m.t. afskriftum og fjármagnsliðum, og arðsemi eiginfjár er viðunandi að teknu tilliti til áhættustöðu bankans. Að lokinni endurskipulagningu verður bankinn að geta keppt um fjármagn á markaði af eigin mætti í samræmi við viðeigandi stjórnarsýslukröf. Sýna verður fram á hver væntanlegur árangur getur orðið af fyrirhugaðri endurskipulagningu bæði miðað við grunnforsendur og „álagsforsendur“. Í þessu skyni þarf í áætlunum um endurskipulagningu

<sup>(10)</sup> Í samræmi við leiðbeinandi reglur um bankastofnanir, um endurfjármögnun eða um virðisrýrnaðar eignir. Sjá 4. undirkafla þessa kafla.

<sup>(11)</sup> Samkvæmt leiðbeinandi reglum um bankastofnanir, um endurfjármögnun og um virðisrýrnaðar eignir gildir sú regla að þegar bankar, sem standa traustum fótum í grundvallaratriðum, fá aðstoð sem nemur fremur litlum fjárhæðum, er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum skylt að senda Eftirlitsstofnun EFTA niðurstöður athugunar á rekstrarhæfi þeirra.

<sup>(12)</sup> Í samræmi við 40. mgr. leiðbeinandi reglna um endurfjármögnun og V. viðauka við leiðbeinandi reglur um virðisrýrnaðar eignir, fyrst og fremst.

<sup>(13)</sup> Eins og fram kemur í 8. undirkafla þessa kafla gildir sú regla að þótt hugtakið endurskipulagningaráætlun sé notað í 2. undirkafla eiga sjónarmiðin, sem liggja til grundvallar þeim undirkafla, á hliðstæðan hátt við um rekstrarhæfisathuganir.

<sup>(14)</sup> Fyrirmynd að hugsanlegri endurskipulagningaráætlun er að finna í viðauka við þennan kafla.

<sup>(15)</sup> Stofnunin mun, þegar það á við, fela utanaðkomandi ráðgjafa athugun á endurskipulagningaráætlunum sem tilkynntar eru til þess að meta hvort markmið um rekstrarhæfi, skiptingu útgjaldþyrði og takmörkun samkeppnisröskunar muni nást. Hún kann einnig að leita til eftirlitsyfivalda um vottun á tilteknum atriðum.

<sup>(16)</sup> Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. apríl 2008 í máli NN 1/2008 *Northern Rock* (Stjtið. ESB C 135, 3.6.2008, bls. 21), og ákvörðun 2009/341/EB í máli C 9/2008 *Sachsen LB*.

<sup>(17)</sup> Sjá ákvörðun 2009/341/EB í máli C 9/2008 *Sachsen LB*.

<sup>(18)</sup> Nema fullgildar ástæður sé fyrir öðru. Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. október 2008 í máli C 10/2008 *IKB*, biður birtingar.

<sup>(19)</sup> Í samræmi við meginreglurnar sem settar eru í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um starfsfjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 22).

að hafa hliðsjón m.a. af núverandi ástandi og framtíðarhorfum á fjármálamörkuðum, bæði miðað við grunnforsendur og verstu hugsanlegar forsendur. Álagsprófun verður að miðast við forsendur af ýmsu tagi, m.a. að nokkrir mismunandi þættir valdi álagi á bankann samtímis og að langvarandi efnahagssamdráttur verði á heimsvísu. Forsendurnar, sem byggðar eru á, skulu bornar saman við það sem almennt tíðkast í greininni og ber að uppfæra þær með tilliti til nýrra atriða sem komið hafa fram í yfirstandandi kreppu á fjármálamörkuðum. Í hverri áætlun verður að koma fram hvaða ráðstafanir verða gerðar ef til þess kemur að ákveðnar kröfur verði gerðar til bankans í kjölfar álagsprófunar. Útfæra ber álagsprófunina, eftir því sem unnt er, á grundvelli sameiginlegra viðmiðunaratriða á borð við þau sem EB-ríkin hafa komið sér saman um (t.d. þær aðferðir sem nefnd bankaeftirlitsyfirvalda í Evrópu (CEBS) hefur mótað) svo og, þar sem við á, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna í viðkomandi landi eða banka.

- 14) Stjórnvöld hafa í yfirstandandi fjármálakreppu endurfjármagnað banka á kjörum sem hafa fremur tekið mið af stöðugleika fjármálakerfisins en arðsemi af því tagi sem einkafjárfestir hefði talið viðunandi. Forsendan fyrir því að bankar öðlist rekstrarhæfi til frambúðar er því sú að ríkisaðstoð hvers konar verði endurheimt þegar fram í sækir, eins og gert var ráð fyrir þegar hún var veitt, eða að fyrir hana sé tekið gjald í samræmi við eðlileg markaðskjör og þannig tryggt að ekki komi til neinnar viðbótaraðstoðar af hálfu hins opinbera. Þar eð engin ákvæði í EES-samningnum segja fyrir um hvernig eignarhaldi skuli háttáð gilda ríkisaðstoðarreglunar með sama hætti hvort sem banki er í einkaeigu eða opinberri eigu.
- 15) Þó að æskilegt sé að endurskipulagningu ljúki á eins skömmum tíma og við verður komið, til þess að bankinn verði fljótt rekstrarhæfur á ný, verður af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA tekið tillit til núverandi kreppuáðstæðna og er þannig hugsanlegt að heimila lengri framkvæmdatíma tiltekinn skipulagsráðstafanir en venjulegt er, einkum með að í huga að forðast verðlækkun á markaði af völdum „brunaútsölu“<sup>(20)</sup>. Engu að síður ber að ljúka endurskipulagningu eins fljótt og kostur er eða á skemmri tíma en fimm árum<sup>(21)</sup> til þess að fullnægjandi árangur verði af henni og endurnýjun á rekstrarhæfi bankans, sem er endurskipulagður, eigi sér stað á trúverðugan hátt.
- 16) Reynist nauðsynlegt á endurskipulagningartímanum að veita frekari aðstoð, sem ekki var gert ráð fyrir í tilkynntri endurskipulagningaráætlun, til að gera bankann rekstrarhæfan á ný er skylt að tilkynna slíka aðstoð sérstaklega fyrirfram, og tekið verður tillit til viðbótaraðstoðar af því tagi í endanlegri ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA.
- Rekstrarhæfi náð með sölu banka*
- 17) Sú aðferð að selja bágstaddan banka til annarrar fjármálastofnunar getur stuðlað að því að gera hann rekstrarhæfan til frambúðar ef kaupandinn er rekstrarhæft félag sem er fært um að fella bágstadda bankann inn í rekstur sinn, og getur stuðlað að því að auka aftur traust á markaðnum. Þá getur þetta stuðlað að samruna fyrirtækja í fjármálagæiranum. Í þessu skyni þarf kaupandinn að sýna fram á að rekstrareiningin, sem hann tekur að sér, verði rekstrarhæf. Þegar um sölu er að ræða þarf einnig að virða skilyrðin sem lúta að rekstrarhæfi, eigin framlagi og aðgerðum til að hamla gegn samkeppnisröskun.
- 18) Almennt þarf að sjá til þess að söluferlið byggist á skýrum, hlutlægum og óskilyrtum forsendum sem eru lausar við mismun, þannig að jafnræði sé með öllum hugsanlegum bjóðendum<sup>(22)</sup>.
- 19) Með fyrirvara um það kerfi samrunaefirlits sem notast er við, og að því virtu að sala á illa stöddum banka, sem notið hefur aðstoðar, til keppinautar getur bæði stuðlað að rekstrarhæfi hans til frambúðar og aukið samþjöppun fyrirtækja í fjármálagæiranum, bætist við ofangreint að þegar útlit er fyrir að slík sala muni leiða til verulegrar skerðingar á virkri samkeppni ber ekki að heimila hana nema brugðist sé við samkeppnisröskuninni með viðeigandi gagnráðstöfunum í tengslum við aðstoðina.
- 20) Sala banka getur einnig falið í sér ríkisaðstoð við kaupandann og/eða starfsemina sem er seld<sup>(23)</sup>. Ef salan fer fram á grundvelli opins og óskilyrts samkeppnisútbóðs og eignirnar renna til hæstbjóðanda telst söluverðið markaðsverð og loku fyrir það skotið að kaupandinn hafi fengið aðstoð<sup>(24)</sup>. Í undantekningartilvikum má líta svo á að neikvætt söluverð (eða fjárstuðningur til að bæta slíkar greiðslur með hinu selda) hafi ekki í för með sér ríkisaðstoð ef seljandinn hefði haft meiri kostnað af því að slíta félaginu<sup>(25)</sup>. Við útreikning á kostnaði við að slíta félaginu við slíkar aðstæður mun Eftirlitsstofnun EFTA aðeins taka mið af þeim skuldbindingum sem markaðsfjárfestir hefði fallist á að taka við<sup>(26)</sup>. Undir slíkt falla ekki skuldbindingar sem rekja má til ríkisaðstoðar<sup>(27)</sup>.
- 21) Þegar trúverðug rök standa ekki til þess að banki geti orðið rekstrarhæfur á ný ber jafnan að huga að því að taka hann til skipulegrar slitameðferðar eða bjóða hann til sölu. Stjórnvöld skulu stuðla að því að órekstrarhæfir bankar hverfi af markaði, þó þannig að þeirri breytingu sé ætlaður hæfilega langur tími til þess að stöðugleika

<sup>(20)</sup> Hér er átt við það að selja mikið af eignum á því lága verði sem nú er á markaði, en slíkt gæti leitt til enn frekari verðlækkunar.

<sup>(21)</sup> Framkvæmdastjórnin hefur greint frá því að hún hafi venjulega samþykkt að endurskipulagning megi taka tvö til þrjú ár.

<sup>(22)</sup> Sjá einnig 20. mgr.

<sup>(23)</sup> Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/341/EB í máli C 9/2008 *Sachsen LB*.

<sup>(24)</sup> Þótt útbóð hafi ekki verið haldið merkir það ekki sjálfkrafa að kaupandinn hafi fengið ríkisaðstoð.

<sup>(25)</sup> Slíkt felur venjulega í sér aðstoð við starfsemina sem er seld.

<sup>(26)</sup> Sjá sameinuð mál C-278/92, C-279/92 og C-280/92 *Hytasa*, dómasafn 1994, bls. I-4103, 22. mgr.

<sup>(27)</sup> Sjá mál C-334/99 *Gröditzter Stahlwerke*, dómasafn 2003, bls. I-1139, 134. mgr. og áfram, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/719/EB frá 30. apríl 2008 um ríkisaðstoð C 56/2006 (áður NN 77/2006) *Bank Burgenland* (Stjtið. ESB L 239, 6.9.2008, bls. 32).



fjármálakerfisins sé ekki stefnt í hættu. Í leiðbeinandi reglum um bankastofnanir er lýst málsmeðferð sem fara ber eftir þegar slík skipuleg slit fara fram<sup>(28)</sup>. Það kann einnig að vera álitlegur kostur fyrir traustan banka að kaupa „góðar“ eignir og skuldir banka sem stendur höllum fæti þar sem það getur verið hagkvæm leið til að auka innstæður og byggja upp tengsl við áreiðanlega lántaka. Stofnsetning sjálfstæðs „góðs banka“, sem tekur við „góðum“ eignum og skuldum starfandi banka, kann jafnframt að vera fær leið til að ná fram rekstrarhæfi, að því tilskildu að ekki sé hætt á óeðlilegri samkeppnisröskun vegna starfsemi nýju rekstrareiningarinnar.

### 3. EIGIN FRAMLAG AÐSTOÐARÞEGANS (SKIPTING ÚTGJALDABYRÐA)

- 22) Til þess að hamlá megi gegn hugsanlegri samkeppnisröskun og ráða bót á freistnivanda skal takmarka aðstoð við það sem telst nauðsynlegt; jafnframt verður hæfilega hátt framlag til endurskipulagningarinnar að koma frá aðstoðarþeganum sjálfum. Bankinn og hluthafar hans verða að leggja sitt af mörkum til endurskipulagningarinnar eftir því sem unnt er. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja að bankarnir, sem njóta björgunaraðstoðar, séu látnir bera fullnægjandi ábyrgð á afleiðingum fyrri athafna sinna og til þess að búa þeim viðeigandi hvata til athafna í framtíðinni.

*Kostnaði við endurskipulagningu haldið niðri*

- 23) Aðstoð til endurskipulagningar verður að takmarkast við greiðslu kostnaðar sem nauðsynlegt er að stofna til ef bankinn á að verða rekstrarhæfur á ný. Þetta merkir að ekki má afhenda fyrirtæki almannaefé ef hættu er á að það verði notað til að fjármagna markaðsraskandi starfsemi sem tengist ekki endurskipulagningunni. Ríkisaðstoð má til að mynda ekki nota til að fjármagna kaup á hlutafé annarra fyrirtækja eða nýjar fjárfestingar nema slíks sé þörf í því skyni að gera fyrirtæki rekstrarhæft á ný<sup>(29)</sup>.

*Takmörkun aðstoðarfjárhæðar, verulegt eigið framlag banka*

- 24) Til þess að takmarka megi aðstoðina við það sem er nauðsynlegt verða bankar fyrst að nota eigin fjármuni til að standa undir kostnaði við endurskipulagningu. Í þessu skyni getur til að mynda reynst nauðsynlegt að selja eignir. Stuðning hins opinbera verður að binda skilyrðum sem snúa að eðlilegri skiptingu útgjaldabyrða<sup>(30)</sup>. Þetta merkir að ríkið ber ekki allan kostnað við endurskipulagningu, heldur leggst sá kostnaður einnig á þá sem fjárfest hafa í bankanum á þann hátt að þeir taka á sig tap með því að leggja fram fjármuni eftir föngum og inna af hendi hæfilegt endurgjald fyrir stuðning ríkisins<sup>(31)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA lítur þó svo á að ekki sé rétt að ákveða fjárhæðir að því er varðar útgjaldaskiptingu fyrirfram í tengslum við yfirstandandi kerfiskreppu, með vísan til þess markmiðs að greiða fyrir aðgangi að einkafjármagni og stuðla að því að eðlileg markaðsskilyrði komist aftur á.

- 25) Fyrir sérhverja undanþágu frá fyrirframákvæðinni útgjaldaskiptingu, sem veitt kann að hafa verið á björgunarskeiðinu, sem undantekningartilvik, í því skyni að standa vörð um stöðugleika fjármálakerfisins, verður að koma endurgjald í mynd viðbótarframlags á síðari stigum endurskipulagningarinnar, og má tryggja þetta til að mynda með ákvæðum um endurgreiðsluskuld og/eða með enn viðtækari endurskipulagningu, þar á meðal viðbótaraðgerðum til að halda samkeppnisröskun í skefjum<sup>(32)</sup>.

- 26) Bankar verða að geta staðið undir greiðslu endurgjalds fyrir eiginfé, m.a. arðgreiðslum og vaxtagreiðslum af útistandandi víkjandi lánnum, með hagnaði af starfsemi sinni. Aftur á móti eiga bankar ekki að nota ríkisaðstoð til að fjármagna endurgjald fyrir eiginfé (hlutafé og víkjandi lán) ef sú starfsemi skilar ekki nægilegum arði. Í tengslum við endurskipulagningu gildir því sú meginregla að það telst ekki samrýmanlegt markmiðinu um eðlilega skiptingu útgjaldabyrði að bankar, sem þiggja aðstoð, jafni út tap (til að mynda með því að ganga á varasjóði eða færa niður hlutafé) í því skyni að tryggja arðgreiðslur og vaxtagreiðslur af útistandandi víkjandi lánnum<sup>(33)</sup>. Á móti getur verið nauðsynlegt að taka tillit til þess sjónarmiðs að tryggja hæfi bankans til endurfjármögnunar og að hann hafi hvata til að hætta að nýta sér stuðning ríkisins<sup>(34)</sup>. Til þess að stuðla að endurfjármögnun bankans, sem þiggur aðstoð, kemur til greina að fallast á vaxtagreiðslur í tengslum við nýútgáfu samsettra fjárgerninga til að styrkja eiginfé sem njóta forgangs á eldri víkjandi lán. Hvað sem öðru líður ber að jafnaði ekki að heimila bönkum að kaupa eigin hluti meðan endurskipulagning stendur yfir.

<sup>(28)</sup> Sjá 43.–50. mgr. leiðbeinandi reglna um bankastofnanir. Til þess að skipuleg slit af þessu tagi geti átt sér stað kemur til greina að telja aðstoð, sem veitt er vegna félagslita, samrýmanlega ríkisaðstoðarreglum, til að mynda þegar hennar er þörf í tengslum við tímabundna endurfjármögnun banka eða annarrar rekstrareiningar, sem komið er á fót til að brúa bilið, eða til þess að greiða kröfur tiltekinna hópa kröfuhafa, þegar slíkt er talið réttlætunlegt með tilliti til stöðugleika fjármálakerfisins. Um dæmi um aðstoð af þessum toga og við hvaða skilyrði hún var talin samrýmanleg reglum sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 2008 í máli C 41/2008 Bretland, Björgunaraðstoð við fyrirtækið *Bradford & Bingley* (Stjtið. ESB C 290, 13.11.2008, bls. 2) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. nóvember 2008 í máli NN 39/2008 Danmörk, *Aðstoð vegna slita Roskilde Bank* (Stjtið. ESB C 12, 17.1.2009, bls. 3).

<sup>(29)</sup> Sjá mál T-17/03 *Schmitz-Gotha*, dómasafn 2006, bls. II-1139.

<sup>(30)</sup> Eins og þegar hefur verið fjallað um í þeim leiðbeinandi reglum sem áður hafa verið gefnar út, einkum reglunum um virðisrýnaðar eignir, sjá þar 21. mgr. og áfram.

<sup>(31)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út ítarlegar leiðbeiningar um hvaða endurgjald skuli reiknað fyrir ríkisábyrgðir, endurfjármögnun og yfirtöku virðisrýnaðra eigna, sjá leiðbeinandi reglur um bankastofnanir, um endurfjármögnun og um virðisrýnaðar eignir. Ef slíkt endurgjald er greitt í raun leiðir það til rýrnunar á fjárhagslegri stöðu hluthafa í bankanum.

<sup>(32)</sup> Leiðbeinandi reglur um virðisrýnaðar eignir, 24. og 25. mgr. Sjá einnig 4. undirkafla hér á eftir.

<sup>(33)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. desember 2008 í máli N 615/2008 *Bayern LB* (Stjtið. ESB C 80, 3.4.2009, bls. 4). Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að banki inni af hendi vaxtagreiðslur þegar honum ber lagaleg skylda til þess.

<sup>(34)</sup> Sjá leiðbeinandi reglur um virðisrýnaðar eignir, 31. mgr., og þann meðalveg sem farinn er að því er varðar takmarkanir á útgreiðslu arðs í leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun, 33., 34. og 45. mgr., en þar er byggt á því að enda þótt tímabundið bann við greiðslu arðs og vaxta af víkjandi skuldum geti stuðlað að því að fjármunir haldist í bankanum og hann hafi meira borð fyrir báru að því er varðar eiginfé, þannig að gjaldþol hans aukist, getur slíkt bann einnig verið honum fjötur um fót þegar kemur að því að afla fjármagns frá einkaaðilum, eða að minnsta kosti aukið kostnaðinn við nýja fjármögnun í framtíðinni.

- 27) Komið getur til greina að veita viðbótaraðstoð á endurskipulagningartímanum ef það getur talist réttmætt með vísan til þess markmiðs að varðveita stöðugleika fjármálakerfisins. Ef viðbótaraðstoð er veitt verður hún að takmarkast við það sem er nauðsynlegt til að tryggja rekstrarhæfi viðkomandi banka.

#### 4. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ HAMLA GEGN SAMKEPPNISRÖSKUN OG VIÐHALDA SAMKEPPNI Í BANKAGEIRANUM

##### *Tegundir samkeppnisröskunar*

- 28) Enda þótt ríkisaðstoð geti stuðlað að stöðugleika fjármálakerfisins þegar kerfiskreppa steðjar að, auk jákvæðra smitáhrifa sem koma fram annars staðar, getur hún einnig valdið samkeppnisröskun á ýmsan hátt. Samkeppni banka, sem byggist á þeirri vöru og þjónustu sem þeir bjóða, veldur því að bankar, sem leiðast út í óhóflega áhættu og/eða notast við ósjálfbært viðskiptalíkan, missa að lokum markaðshlutdeild, og hverfa hugsanlega af markaði, en keppinautar, sem stunda hagkvæmari rekstur, auka umsvif sín á viðkomandi mörkuðum eða hefja starfsemi þar sem þeir voru ekki fyrir. Ríkisaðstoð viðheldur samkeppnisröskun, sem rekja má til óhóflegrar áhættusækni og ósjálfbærra viðskiptalíkana, með því að yta á óeðlilegan hátt undir markaðsstyrk aðstoðarþeganna. Þetta getur leitt af sér freistnivanda fyrir aðstoðarþegana og dregið úr hvata annarra til samkeppni, fjárfestinga og nýsköpunar. Loks getur ríkisaðstoð grafið undan starfsemi innra markaðarins með því að önnur EFTA-ríki þurfi að taka á sig óhæfilega stóran hluta kostnaðarins sem fylgir endurskipulagningu, auk félagslegs og efnahagslegs vanda sem henni tengist, og gert það jafnframt erfiðara að hefja starfsemi á markaðnum og dregið úr hvata til að stunda starfsemi í fleiri en einu landi.
- 29) Stöðugleiki fjármálakerfisins er eftir sem áður meginmarkmiðið með aðstoð sem fjármálafyrirtækjum er veitt þegar kerfiskreppa steðjar að, en aðgerðir til að standa vörð um stöðugleika kerfisins til skamms tíma litið mega ekki grafa undan jafnræði og samkeppni á markaðnum til frambúðar. Í þessu tilliti er mikils um vert að hamlað sé gegn samkeppnisröskun af völdum ríkisaðstoðar, m.a. af þeim ástæðum sem hér verða raktar. Í fyrsta lagi er afar misjafnt hversu mikið bankar í EES-ríkjunum hafa orðið fyrir barðinu á fjármálakreppunni, og ef illa stöddum bönkum er veitt ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar getur það bitnað á bönkum sem standa enn traustum fótum í grundvallaratriðum og ógnað á þann hátt stöðugleika fjármálakerfisins. Þegar fjármála-, efnahags- og ríkisfjármálakreppa steðjar að kemur enn betur í ljós en áður hversu mikill aðstöðumunur er milli EFTA-ríkjanna að því er varðar þá fjármuni sem þau geta nýtt til ríkisafskipta, og bitnar það á jafnræði fyrirtækja á innra markaðnum. Í öðru lagi beinast afskipti stjórnvalda í yfirstandandi kreppu fyrst og fremst að innanlandsmörkuðum, eðlis síns vegna, og því er mikil hætta á að þau leiði af sér einangrunarstefnu og sundrun innra markaðarins. Markaðsstöðu aðstoðarþeganna ber að meta með tilliti til þess að tryggja þarf virka samkeppni og hindra að aðstoðin geri tiltekin fyrirtæki markaðsráðandi, hamli gegn starfsemi nýrra fyrirtækja eða dragi úr hvötum til að stunda starfsemi í fleiri en einu landi, til skaða fyrir fyrirtæki og neytendur í EES-ríkjunum. Í þriðja lagi er nú þörf afar mikilla opinberra afskipta til að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins, og eðlilegri skiptingu útgjaldabyrði eru takmörk sett, með þeim afleiðingum að freistnivandi hlýtur að aukast enn frekar, og við honum verður að bregðast á viðunandi hátt til þess að koma í veg fyrir óæskilega hvata og óhóflega áhættusækni í framtíðinni, og leggja grundvöll að hraðri enduruppbyggingu eðlilegra markaðsskilyrða án stuðnings hins opinbera.

##### *Árangursríkum og hæfilega umfangsmiklum ráðstöfunum beitt til að hamlar gegn samkeppnisröskun*

- 30) Ráðstafanir, sem gerðar eru til að hamlar gegn samkeppnisröskun, verður að sníða sérstaklega að þeirri tegund röskunar sem reynist vera fyrir hendi á mörkuðum sem viðkomandi banki verður starfandi á eftir að hann er orðinn rekstrarhæfur aftur í kjölfar endurskipulagningar, og byggja slíkt jafnframt á samhæfðri stefnu og grundvallarsjónarmiðum. Í mati sínu á því hversu mikil þörf er á slíkum ráðstöfunum tekur Eftirlitsstofnun EFTA mið af því hversu umfangsmikil og viðtæk sú starfsemi yrði sem hlutaðeigandi banki hefði með höndum eftir að lokið væri trúverðugri endurskipulagningaráætlun samkvæmt 2. undirkafla. Það fer svo eftir því hvers eðlis samkeppnisröskunin er hvernig tekist er á við hana, þ.e. beita má ráðstöfunum er snúa að skuldum og/eða eignum<sup>(35)</sup>. Það fer eftir tvennu hvaða tegund ráðstafana er beitt og með hvaða sniði þær verða: í fyrsta lagi fjárhæð aðstoðarinnar, og með hvaða skilyrðum og við hvaða skilyrði hún var veitt, og í öðru lagi hvaða þættir einkenna markaðinn eða markaðina þar sem starfsemi bankans, sem fær aðstoð, mun fara fram.
- 31) Að því er fyrrnefnda atriðið varðar getur verið mikill munur á ráðstöfunum, sem gerðar eru til að hamlar gegn röskun, bæði eftir því hversu mikil aðstoð er veitt og eftir því hvernig útgjaldabyrðarnar skiptast og hvaða endurgjald kemur fyrir aðstoðina. Í þessu tilliti verður bæði lagt mat á sjálfa fjárhæð aðstoðarinnar (móttekna fjármuni, aðstoðarþátt veittra ábyrgða og ráðstafanir til yfirtöku eigna) og hversu mikil hún er í hlutfalli við áhættuvegnar eignir bankans. Mat Eftirlitsstofnunar EFTA tekur til allrar aðstoðar sem viðtakanda hefur verið veitt, að meðtalinni hvers kyns björgunaraðstoð. Með líkum hætti verður litið til þess hversu stórt framlag kemur frá aðstoðarþeganum sjálfum og hversu stóran hluta útgjaldabyrðanna hann hefur tekið á sig á endurskipulagningartímanum. Í almennum atriðum gildir að því meiri útgjöld sem bankinn tekur á sig og því stærra sem eigið framlag hans er þeim mun minna fer fyrir neikvæðum afleiðingum sem rekja má til freistnivanda. Þetta minnkar þannig þörfina á frekari aðgerðum<sup>(36)</sup>.

<sup>(35)</sup> Sjá 21. mgr.

<sup>(36)</sup> Hafi Eftirlitsstofnun EFTA, á grundvelli ákvæða leiðbeinandi reglna um bankastofnanir, um endurfjármögnun eða um virðisrýrnaðar eignir, gert þá undantekningu að heimila aðstoð sem samræmist ekki grundvallarsjónarmiðunum að baki leiðbeinandi reglunum merkir það að mæta verður viðbótarröskun á samkeppni, sem slíku fylgir, með enn frekari mótvægisatgerðum að því er varðar skipulagsbreytingar eða starfsemi, sjá leiðbeinandi reglur um virðisrýrnaðar eignir, 58. mgr.

- 32) Að því er siðarnefnda atriðið varðar verður mat Eftirlitsstofnunar EFTA látið taka til þeirra áhrifa sem líklegt má telja að aðstoðin hafi á mörkuðum þar sem bankinn, sem þiggur aðstoð, verður starfandi í kjölfar endurskipulagningar. Allra fyrst verður litið til stærðar og hlutfallslegs mikilvægis bankans á þeim markaði eða mörkuðum, eftir að rekstrarhæfi er náð. Ef markaðshlutdeild bankans er fremur lítil að lokinni endurskipulagningu dregur það úr líkum á að setja þurfi frekari skorður við starfsemi hans, svo sem að gera honum að selja rekstrareiningar eða samþykkja skuldbindingar um athafnir. Ráðstafanirnar verða sniðnar að eiginleikum markaðarins <sup>(37)</sup> til þess að tryggj sé að virk samkeppni verði áfram fyrir hendi. Í sumum tilvikum getur sala rekstrareininga bæði haft óæskilegar afleiðingar og verið óþörf með tilliti til þeirrar niðurstöðu sem stefnt er að, og getur þá verið heppilegra að reisa þess í stað skorður við innra vexti bankans. Í öðrum tilvikum, einkum þegar um ræðir landsmarkaði þar sem skorður við því að hefja starfsemi eru miklar, getur sala rekstrareininga verið nauðsynleg til þess að gera keppinautum kleift að komast að eða færa út starfsemi sína. Ráðstafanir í því skyni að hamlá gegn samkeppnisröskun mega ekki vinna gegn því markmiði að gera bankann rekstrarhæfan á ný.
- 33) Loks mun Eftirlitsstofnun EFTA huga að hættunni á því að endurskipulagningaradgerðir grafi undan innra markaðnum, og telst í því samhengi æskilegt að gera ráðstafanir sem stuðla að því að landsmarkaðir haldist opnir nýjum markaðsaðilum og að þar ríki samkeppni. Þó að aðstoð sé veitt í þeim tilgangi að varðveita stöðugleika fjármálakerfisins og viðhalda útlánun til raunhagkerfisins í EFTA-ríkinu sem innir aðstoðina af hendi má líta svo á að það hafi mikilsverð jákvæð viðbótaráhrif að setja einnig sem skilyrði fyrir aðstoðinni að viðkomandi banki virði tiltekin markmið um útlán í öðrum EFTA-ríkjum en því sem veitir aðstoðina. Þetta á einkum við þegar um er að ræða markmið um útlánastarfsemi sem er veruleg í samanburði við trúverðugt mat á því hvernig útlánun hefði verið háttáð við aðrar aðstæður, þegar virkt eftirlit er haft með því að slíkum markmiðum sé náð (t.d. með samvinnu eftirlitsstofnana í heimalandinu og gistilandinu), þegar helstu bankar í bankakerfi gistilandsins eiga höfuðstöðvar í öðru landi og þar sem útlánaskuldbindingar af þessu tagi hafa verið samhæfðar á vettvangi Evrópubandalagsins (t.d. í tengslum við viðræður um aðgerðir til að liðka fyrir lausafjáraðgangi).

*Ákvörðun eðlilegs verðs fyrir ríkisaðstoð*

- 34) Innheimta hæfilegs endurgjalds fyrir hvers kyns framlag ríkisins er almennt séð ein heppilegasta leiðin til að hamlá gegn samkeppnisröskun, enda er með þeim hætti hægt að halda aðstoðarfjárhæðinni niðri. Hafi verið verið ákveðið umtalsvert lægra en markaðsverð í upphafi, af ástæðum sem varða stöðugleika fjármálakerfisins, ber að sjá til þess að endurskipulagningaráætlunin feli í sér endurskoðun á því með hvaða skilmálum fjárstuðningurinn er veittur <sup>(38)</sup> til þess að draga megi úr röskunaráhrifum styrkjanna.

*Aðgerðir sem snúa að skipulagi – sala rekstrareininga og samdráttur í starfsemi*

- 35) Krefjast má þess af bönkum, sem þiggja ríkisaðstoð, með vísan til mats sem fram hefur farið í samræmi við viðmiðin í þessum undirkafla, að þeir selji frá sér dótturfyrirtæki eða útibú, viðskiptamannasöfn eða rekstrareiningar, eða geri aðrar svipaðar ráðstafanir <sup>(39)</sup>, og þá einnig á viðskiptabankamarkaði í heimalandi aðstoðarþegans. Til þess að slíkar aðgerðir geti orðið til þess að auka samkeppni og efla starfsemi innra markaðarins verða þær að stuðla að starfsemi nýrra keppinauta og starfsemi sem á sér stað í fleiri en einu landi <sup>(40)</sup>. Í samræmi við það skilyrði að gera verði bankann rekstrarhæfan á ný mun Eftirlitsstofnun EFTA líta skipulagsráðstafanir af þessu tagi jákvæðum augum ef þess er gætt við framkvæmd þeirra að jafnræði sé með fyrirtækjum í mismunandi EFTA-ríkjum, þannig að staðinn sé vörður um innra markað á vettvangi fjármálaþjónustu.
- 36) Þá má krefjast þess að skorður séu settar við aukinni starfsemi bankans á tilteknum sviðum eða landsvæðum, til dæmis með markaðsmiðuðum úrræðum á borð við tiltekið eiginfjárlutfall, ef þannig stendur á að beinar hömlur á aukinni starfsemi gætu komið niður á samkeppni á markaðnum, eða í því skyni að hamlá gegn freistnivanda. Eftirlitsstofnun EFTA mun jafnframt huga sérstaklega að því að forðast þarf einangrunarstefnu og vinna gegn sundrun innra markaðarins.
- 37) Ef gild rök liggja til þess að torvelt geti reynst að finna kaupanda að dótturfélögum eða öðrum rekstrareiningum eða eignum mun Eftirlitsstofnun EFTA heimila lengri framkvæmdartíma fyrir slíkar ráðstafanir, að því tilskildu að lögð sé fram áætlun um samdrátt í rekstri með bindandi tímasetningum (m.a. að því er varðar aðskilnað rekstrardeilda). Þó skal framkvæmd þessara ráðstafana ekki taka lengri tíma en fimm ár.
- 38) Við mat á því hversu mikilla skipulagsaðgerða er þörf í hverju tilviki til þess að ráða bót á samkeppnisröskun, að teknu fullu tilliti til jafnræðisreglunnar, mun Eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til ráðstafana sem gerðar hafa verið um sama leyti í málum sem snerta sömu markaði eða markaðskima.

<sup>(37)</sup> Einkum verður litið til þess hversu mikil samþjöppun er á markaðnum, hvaða þættir hamlá auknum afköstum, hver arðsemin er og hvaða hindranir standa í vegi nýrrar markaðssóknar og aukinnar starfsemi.

<sup>(38)</sup> Til að mynda með því að yta undir skjóta endurgreiðslu ríkisaðstoðarinnar.

<sup>(39)</sup> Sjá til að mynda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. október 2008 í máli C 10/2008 IKB, bíður birtingar, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. maí 2009 í máli N 244/2009 Eiginfjárlag til Commerzbank (Stjtið. ESB C 147, 27.6.2009, bls. 4).

<sup>(40)</sup> Hér er þess að gæta að samdráttur í efnahagsreikningi bankans vegna niðurfærslu eigna, sem er bætt að hluta til með ríkisaðstoð, minnkar ekki eiginlega markaðshlutdeild hans og er því ekki unnt að taka tillit til slíks við mat á því hvort þörf er á aðgerðum sem snúa að skipulagi.

*Ríkisaðstoð ekki notuð til að styrkja athafnir sem grafa undan samkeppni*

- 39) Ríkisaðstoð má ekki bitna á keppinautum sem njóta ekki sambærilegs stuðnings af hálfu hins opinbera <sup>(41)</sup>.
- 40) Með fyrirvara um ákvæði 41. gr. mega bankar ekki nota ríkisaðstoð í því skyni að kaupa rekstrareiningar sem eru í samkeppni við þá <sup>(42)</sup>. Þetta skilyrði skal látið gilda um þriggja ára skeið að minnsta kosti og getur gilt allt þar til endurskipulagningu lýkur, og fer það eftir gildissviði og umfangi aðstoðarinnar og hversu lengi hún stendur yfir.
- 41) Í undantekningartilvikum, og að undangenginni tilkynningu, getur Eftirlitsstofnun EFTA heimilað kaup ef þau eru hluti af samruna sem er nauðsynlegur til að koma aftur á stöðugleika í fjármálakerfinu eða til að tryggja virka samkeppni. Í tengslum við slík kaup skal farið að reglum um jafnræði allra hugsanlegra kaupenda og tryggja með niðurstöðunni að skilyrði séu fyrir virkri samkeppni á viðkomandi mörkuðum.
- 42) Ef ekki þykir æskilegt að fyrirskipa sölu rekstrareininga og/eða leggja bann við kaupum getur Eftirlitsstofnun EFTA heimilað EFTA-ríkinu að koma upp kerfi sem tryggir endurgreiðslu aðstoðar, til dæmis með því að leggja gjald á viðtakendur aðstoðarinnar. Þannig er unnt að tryggja að aðstoðin fái endurgreidd að hluta frá bankanum eftir að hann er orðinn rekstrarhæfur.
- 43) Þegar bönkum, sem þiggja ríkisaðstoð, er gert að fullnægja tilteknum skilyrðum um útlán til raunhagkerfisins verður slík útlánastarfsemi að eiga sér stað á markaðskjörum <sup>(43)</sup>.
- 44) Ríkisaðstoð má ekki nýta til að bjóða kjör (til dæmis að því er varðar vexti eða veð) sem ekki eru á færi keppinauta sem þiggja ekki aðstoð. Í þeim tilvikum þegar ekki þykir æskilegt að setja aðstoðarþega skorður að því er varðar verðlagningu, svo sem vegna þess að slíkt gæti dregið úr virkri samkeppni, skulu EFTA-ríkin leggja til önnur og heppilegri úrræði til að tryggja virka samkeppni, til að mynda ráðstafanir sem stuðla að markaðssókn nýrra aðila. Af sömu ástæðum mega bankar ekki vísa til stuðnings ríkisins við markaðssetningu fjármálaþjónustu sinnar í heim tilgangi að bæta samkeppnisstöðu sína <sup>(44)</sup>. Viðhalda ber þessum hömlum í tiltekinn tíma, sem ræðst af umfangi, fjárhæð og gildistíma aðstoðarinnar, eða styst í þrjú ár og lengst allt til loka endurskipulagningartímans. Þær geta þá einnig þjónað sem afdráttarlaus hvati til að endurgreiða ríkinu jafnskjótt og unnt er.
- 45) Þá mun Eftirlitsstofnun EFTA rannsaka hversu langt opnun markaðarins fyrir samkeppni er komin og hversu mikið bolmagn atvinnugreinin hefur til að takast á við gjaldþrot banka. Stofnunin getur í heildarmati sínu haft hliðsjón af hugsanlegum skuldbindingum aðstoðarþegans eða skuldbindingum EFTA-ríkisins að því er varðar tilteknar ráðstafanir sem hrinda ber í framkvæmd <sup>(45)</sup> til þess að stuðla að betur uppbyggðum samkeppnismörkuðum, til að mynda með því að gera það auðveldara að byrja og hætta starfsemi. Rétt er að beita slíkum ráðstöfunum, þegar réttar aðstæður eru fyrir hendi, jafnframt öðrum aðgerðum að því er varðar skipulag eða heimila starfsemi sem að jafnaði yrði krafist af aðstoðarþeganum. Ef stjórnvöld í EFTA-ríkinu skuldbinda sig til að koma upp kerfisbundnum aðferðum til að bregðast skjótt við rekstrarfíðleikum banka getur Eftirlitsstofnun EFTA litið á það sem jákvætt skref í þá átt að stuðla að vel uppbyggðum samkeppnismörkuðum.

## 5. EFTIRFYLGNI OG MÁLSMEÐFERD

- 46) Til þess að sannreyna að framkvæmd áætlunar um endurskipulagningu sé eðlileg mun Eftirlitsstofnun EFTA fara fram á að henni verði afhentar ítarlegar skýrslur með reglulegu millibili. Að jafnaði ber að senda stofnuninni fyrstu skýrsluna áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að endurskipulagningaráætlunin var samþykkt.
- 47) Þegar endurskipulagningaráætlun hefur verið tilkynnt verður Eftirlitsstofnun EFTA að meta hvort hún er til þess fallin að gera bankann rekstrarhæfan á ný til frambúðar og reisa fullnægjandi skorður við samkeppnismörkun. Ef Eftirlitsstofnun EFTA telur mikinn vafa á að áætlun um endurskipulagningu samræmist gildandi kröfum er henni skylt að stofna til formlegrar rannsóknar þannig að þriðju mönnum gefist færi á að segja álit sitt á ráðstöfuninni, og tryggja með því gagnsæ heildstæð vinnubrögð auk þess að virða þær reglur um þagnarskyldu sem gilda í ríkisaðstoðarmálum.

<sup>(41)</sup> Sjá til að mynda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. október 2008 í máli NN 49/2008, NN 50/2008 og NN 45/2008 *Abyrgð til handa Dexia* (biður birtingar), 73. mgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. nóvember 2008 í máli N 574/2008, *Abyrgð til handa Fortis Bank* (Stjtið. ESB C 38, 17.2.2009, bls. 2), 58. mgr., og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. desember 2008 í máli NN 42/2008, NN 46/2008 og NN 53/A/2008 *Aðstoð til endurskipulagningar í Fortis Bank og Fortis Bank Luxembourg* (Stjtið. ESB C 80, 3.4.2009, bls. 7), 94. mgr. Dæmi um þetta er að við tilteknar aðstæður getur þurft að meina banka að bjóða hæstu vexti sem venjulegum innlánsseigendum bjóðast á viðkomandi markaði.

<sup>(42)</sup> Hér er rétt að riífa upp að kostnaður við endurskipulagningu verður að takmarkast við það sem er nauðsynlegt til að gera bankann rekstrarhæfan á ný. Sjá 23. mgr.

<sup>(43)</sup> Ef útlánastarfsemin miðast ekki við markaðskjör getur verið fölginn henni ríkisaðstoð og getur Eftirlitsstofnun EFTA heimilað slíka starfsemi, að undangenginni tilkynningu, ef hún telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, til dæmis samkvæmt leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð – kaflanum um tímabundin rammaákvæði um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar í því skyni að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu.

<sup>(44)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. nóvember 2008 í máli N 528/2008 ING (Stjtið. ESB C 328, 23.12.2008, bls. 10), 35. mgr.

<sup>(45)</sup> Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/418/EB frá 7. júlí 2004 um ráðstafanir stjórnvalda í Frakklandi til aðstoðar Alstom (Stjtið. ESB C 150, 10.6.2005, bls. 24), 204. liður.

- 48) Stofnunin þarf þó ekki að hefja formlega rannsókn ef endurskipulagningaráætlunin hefur að geyma alla tilskilda þætti og fyrirhugaðar ráðstafanir eru þess eðlis að stofnunin hefur ekki ástæðu til að efast um að þær samrýmist gildandi reglum í skilningi 4. mgr. 4. gr. II. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkja um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þetta getur einkum átt við þegar stjórnvöld í EFTA-ríki hafa tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA aðstoð í tengslum við áætlun um endurskipulagningu sem fullnægir öllum skilyrðum þessa kafla, með það fyrir augum að hafa fulla réttarvissu um þá eftirfylgni sem nauðsynlegt verður að viðhafa. Í slíkum tilvikum kann stofnunin að taka endanlega ákvörðun þess efnis að aðstoð jafnt til þjörgunar sem endurskipulagningar sé samrýmanleg EES-samningnum með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins.

#### 6. GILDISTÍMI ORÐSENDINGARINNAR

- 49) Ástæðurnar fyrir útgáfu þessa kafla tengjast hinum óvenjulegu aðstæðum sem leiðir af yfirstandandi fjármálakreppu og hann á því aðeins að gilda í afmarkaðan tíma. Við mat á aðstoð til endurskipulagningar, sem tilkynnt er Eftirlitsstofnun EFTA 31. desember 2010 eða fyrr, verður beitt ákvæðum þessa kafla. Þegar um ræðir aðstoð, sem er ekki tilkynnt, gilda leiðbeinandi reglur um reglur sem gilda um mat á ólögumríkisáðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA mun því beita ákvæðum þessa kafla við mat á því hvort aðstoð, sem tilkynning hefur ekki borist um og veitt hefur verið 31. desember 2010 eða fyrr, samrýmist EES-samningnum.
- 50) Að teknu tilliti til þess að þessi kafli byggist á ákvæðum stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins getur komið til þess að stofnunin taki efnisatriði og gildistíma hans til endurskoðunar í samræmi við breytingar á markaðsaðstæðum, reynslu sem fæst af meðferð ýmissa mála og þess höfuðmarkmiðs að standa vörð um stöðugleika fjármálakerfisins.

## FYLGISKJAL

Fyrirmynd að áætlun um endurskipulagningu

Tillaga að efnisyfirliti áætlunar um endurskipulagningu [1]

**1. Upplýsingar um fjármálastofnunina (lýsing á skipulagi hennar o.s.frv.)**

*(Athugið: Nota má upplýsingar sem sendar hafa verið áður en þær skulu þá felldar inn í þetta skjal og uppfærðar eftir þörfum)*

**2. Lýsing á markaði og markaðshlutdeild**

- 2.1. Lýsing á helstu viðkomandi vörumörkuðum (greina skal að minnsta kosti milli eftirfarandi: smásölu, heildsölu, fjármagnsmarkaða o.s.frv.)
- 2.2. Útreiknuð markaðshlutdeild (t.d. á landsmarkaði og EES-markaði, eftir því yfir hvaða landsvæði viðkomandi markaðir taka)

**3. Greining á ástæðum þess að fjármálastofnunin lenti í hrakningum (innri þættir)****4. Lýsing á afskiptum hins opinbera og mat á ríkisaðstoðinni**

- 4.1. Upplýsingar um hvort fjármálastofnunin eða dótturfélög hennar hafa fengið aðstoð til björgunar eða endurskipulagningar áður
- 4.2. Upplýsingar um á hvaða formi stuðningur ríkisins er, svo og fjárhæðina sem um ræðir eða þann fjárhagslega ávinning sem stuðningurinn hefur í för með sér. Upplýsingarnar eiga að taka til allrar ríkisaðstoðar sem fjármálastofnunin hefur þegið á endurskipulagningartímanum, hvort sem hún hefur verið veitt sem stök aðstoð eða í samræmi við aðstoðarkerfi

*(Athugið: Tilgreina ber fullgildar ástæður fyrir aðstoðinni á grundvelli áætlunarinnar um endurskipulagningu, eins og lýst er hér á eftir)*

- 4.3. Mat á stuðningi hins opinbera, með vísan til ríkisaðstoðarreglnanna, og upplýsingar um aðstoðarfjárhæð

**5. Fyrirtækið gert arðbætt á ný**

- 5.1. Yfirlit um þær forsendur sem byggja er á að því er varðar markaðinn
  - 5.1.1. Upphafsstæða á helstu vörumörkuðum
  - 5.1.2. Væntanleg framvinda á helstu vörumörkuðum
- 5.2. Áætlun staða mála ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar
  - 5.2.1. Nauðsynleg leiðrétting með tilliti til upphaflegrar viðskiptaáætlunar
  - 5.2.2. Eiginfjárhlutfall í fortíð, nútíð og framtíð (eiginfjárþættir A og B)
- 5.3. Lýsing á tillögum að framtíðarstefnumörkun fjármálastofnunarinnar og hvernig sú stefnumörkun getur gert hana rekstrarhæfa
  - 5.3.1. Upphafsstæða og megindrættir áætlunarinnar
  - 5.3.2. Undiráætlanir fyrir einstakar rekstrareiningar fjármálastofnunarinnar
  - 5.3.3. Aðgerðir til aðlögunar að breyttum reglugerðarákvæðum (bætt áhættustýring, stærri varasjóðir o.s.frv.)
  - 5.3.4. Staðfesting á því að allar upplýsingar um virðisrýmaðar eignir hafi komið fram
  - 5.3.5. Breytingar á eignarhaldi, ef það á við
- 5.4. Lýsing á og ágríp af þeim ráðstöfunum sem fyrirhugaðar eru til að gera fjármálastofnunina aftur rekstrarhæfa, kostnaði við þær og áhrifum þeirra á rekstrarreikning/efnahagsreikning
  - 5.4.1. Ráðstafanir sem taka til allrar samstæðunnar
  - 5.4.2. Ráðstafanir sem varða einstakar rekstrareiningar
  - 5.4.3. Áhrif hvernar ráðstöfunar um sig á rekstrarreikning/efnahagsreikning

- 5.5. Lýsing á áhrifum einstakra ráðstafana í þá átt að hamla gegn samkeppnisröskun (sbr. 7. mgr.) með vísan til kostnaðar við hverja ráðstöfun og áhrifa á rekstrarreikning/efnahagsreikning
    - 5.5.1. Ráðstafanir sem taka til allrar samstæðunnar
    - 5.5.2. Ráðstafanir sem varða einstakar rekstrareiningar
    - 5.5.3. Áhrif hvernar ráðstöfunar um sig á rekstrarreikning/efnahagsreikning
  - 5.6. Samanburður við aðrar hugsanlegar leiðir, og stutt samanburðarúttekt á efnahags- og félagsáhrifum ráðstöfunar í héraði, á landsvísi og á vettvangi EES (ítarlegri umfjöllunar er fyrst og fremst þörf þegar hugsanlegt er að bankinn geti ekki fullnægt kröfum um varfærnisráðstafanir ef aðstoð verður ekki veitt)
    - 5.6.1. Aðrar leiðir sem hugsanlegt hefði verið að fara: skipuleg slitameðferð, uppskipting eða samruni við annan banka, ásamt lýsingu á áhrifunum sem þetta hefði haft
    - 5.6.2. Almenn efnahagsáhrif
  - 5.7. Áætlaðar tímasetningar við framkvæmd hvernar ráðstöfunar um sig og lokafrestur vegna framkvæmdar endurskipulagningaráætlunarinnar í heild (tiltakið ef trúnaðarskylda takmarkar upplýsingagjöf)
  - 5.8. Lýsing á áætlun um endurgreiðslu ríkisaðstoðarinnar
    - 5.8.1. Undirliggjandi forsendur áætlunar um afnám ríkisaðstoðarinnar
    - 5.8.2. Lýsing á aðgerðum stjórnvalda til að hvetja bankann til að hætta að nýta sér ríkisaðstoð
    - 5.8.3. Áætlun um afnám aðstoðar eða endurgreiðslur þar til fullri endurgreiðslu eða fullu afnámi aðstoðar er náð
  - 5.9. Rekstrarreikningur/efnahagsreikningur fyrir þrjú næstliðin ár og fimm næstu ár, að meðtöldum helstu kennitölum og næmiskönnun á grundvelli bestu/verstu niðurstöðu
    - 5.9.1. Grunnniðurstaða
      - 5.9.1.1. Rekstrarreikningur/efnahagsreikningur samstæðu
      - 5.9.1.2. Helstu kennitölur samstæðunnar (áhættuvegin arðsemi fjármuna (RAROC) sem viðmiðun við ákvörðun innri forsendna um áhættuvegna arðsemi, hlutfall gjalda og tekna, arðsemi eiginfjár o.s.frv.)
      - 5.9.1.3. Rekstrarreikningur/efnahagsreikningur einstakra rekstrareininga
      - 5.9.1.4. Helstu kennitölur hvernar rekstrareiningar (áhættuvegin arðsemi fjármuna (RAROC) sem viðmiðun við ákvörðun innri forsendna um áhættuvegna arðsemi, hlutfall gjalda og tekna, arðsemi eiginfjár o.s.frv.)
    - 5.9.2. Besta niðurstaða
      - 5.9.2.1. Undirliggjandi forsendur
      - 5.9.2.2. Rekstrarreikningur/efnahagsreikningur samstæðu
      - 5.9.2.3. Helstu kennitölur samstæðunnar (áhættuvegin arðsemi fjármuna (RAROC) sem viðmiðun við ákvörðun innri forsendna um áhættuvegna arðsemi, hlutfall gjalda og tekna, arðsemi eiginfjár o.s.frv.)
  - 5.9.3. Versta niðurstaða – ef álagsprófun hefur farið fram og/eða verið fullgilt af hálfu eftirlitsyfirvalda í landinu verður að lýsa aðferðinni, taka fram hvaða breytur voru notaðar og greina frá niðurstöðum prófunarinnar [2]
    - 5.9.3.1. Undirliggjandi forsendur
    - 5.9.3.2. Rekstrarreikningur/efnahagsreikningur samstæðu
    - 5.9.3.3. Helstu kennitölur samstæðunnar (áhættuvegin arðsemi fjármuna (RAROC) sem viðmiðun við ákvörðun innri forsendna um áhættuvegna arðsemi, hlutfall gjalda og tekna, arðsemi eiginfjár o.s.frv.)
- 6. Skipting útgjaldabyrða – framlag fjármálastofnunarinnar sjálfrar og annarra hluthafa til endurskipulagningarinnar (bókvirði og raunvirði eigna)**
    - 6.1. Útgjöld til endurskipulagningar takmörkuð við það sem er nauðsynlegt til að gera bankann rekstrarhæfan á ný
    - 6.2. Takmörkun á aðstoðarfjárhæð (m.a. upplýsingar um ákvæði sem kunna að hafa verið sett til að takmarka arðgreiðslur og vaxtagreiðslur af víkjandi lánam)

6.3. Verulegt eigið framlag (m.a. upplýsingar um framlag hluthafa eða eigenda víkjandi lána)

**7. Ráðstafanir til að hamla gegn samkeppnisröskun**

7.1. Röksemdir fyrir því hversu víðtækra ráðstafana er þörf, að teknu tilliti til umfangs og afleiðinga ríkisaðstoðarinnar

7.2. Ráðstafanir að því er varðar skipulag, m.a. tillögur um tímasetningu og áfangaskiptingu við sölu á eignum eða dótturfélögum/útibúum eða aðrar aðgerðir

7.3. Skuldbindingar að því er varðar starfsemina sem stunduð verður, m.a. að við almenna markaðssetningu verði ekki vísað til ríkisaðstoðar í því skyni að öðlast samkeppnisforskot

**8. Eftirfylgni (hugsanlega skipan fjárvörslumanns)**

[1] Meðal upplýsinga, sem koma þurfa fram vegna mats á rekstrarhæfi, geta verið innri gögn og skýrslur bankans svo og skýrslur sem stjórnvöld í EFTA-ríkinu, meðal annars eftirlitsyfirvöld, hafa tekið saman eða látið gera fyrir sig.

[2] Útfæra ber álagsprófunina, eftir því sem unnt er, á grundvelli sameiginlegra viðmiðunaratriða á borð við þau sem EB-ríkin hafa komið sér saman um (t.d. þær aðferðir sem nefnd bankaeftirlitsyfirvalda í Evrópu (CEBS) hefur mótað) svo og, þar sem við á, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna í viðkomandi landi eða banka. Álagsprófanir með öfugum formerkjum og aðrar sambærilegar útfærslur koma einnig til greina, þegar slíkt á við.



# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Kæra Hurtigruten ASA á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram  
29. ágúst 2011  
(Mál E-10/11)**

**2011/EES/61/02**

Hinn 29. ágúst 2011 lagði Hurtigruten ASA fram kæru fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirvari eru Siri Teigum, lögmaður, og Odd Stemsrud, lögmaður, Advokatfirmaet Thommessen AS, Haakon VII's gate 10, NO-0116, Ósló, Noregi.

Kröfur sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi ógilda ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 205/11/COL frá 29. júní 2011 um viðbótarsamning um þjónustu Hurtigruten.
2. Til vara lýsi dómstóllinn ógildar 2., 3. og 4. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 205/11/COL frá 29. júní 2011, að því marki sem í þeim felist úrskurður um að aðstoðin, sem um getur í 1. gr. þeirrar ákvörðunar, skuli endurgreidd; og
3. Dómstóllinn geri Eftirlitsstofnun EFTA að greiða eigin málskostnað ásamt málskostnaði Hurtigruten ASA.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:*

- Sóknaraðili, Hurtigruten ASA, er hlutafélag sem starfar við ferðaþjónustu og flutningastarfsemi í Noregi og erlendis.
  - Hinn 28. nóvember 2008 tilkynntu stjórnvöld í Noregi Eftirlitsstofnun EFTA um nýjan samning milli stjórnvalda í Noregi og Hurtigruten ASA um kaup á flutningaþjónustu milli Björgvinjar og Kirkenes í Noregi. Hinn 14. júlí 2010 tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi að hún myndi hefja formlega rannsókn sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar viðbótargreiðslur til Hurtigruten á árinu 2008.
  - Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun 205/11/COL að viðbótarsamningurinn fæli í sér ríkisaðstoð sem er ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í skilningi 1. mgr. 61. gr. þess samnings, að svo miklu leyti sem viðbótargreiðslurnar fælu í sér ofgreiðslu fyrir almannaðjónustu.
  - Sóknaraðili fullyrðir, m.a., að Eftirlitsstofnun EFTA hafi byggt hina umdeildu ákvörðun á augljósri rangri beitingu laga og/eða röngu mati:
    - samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins að því er varðar rétt stjórnvalda í Noregi til að tryggja að starfsemi fyrirtækis, sem hefur verið falið að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, raskist ekki þegar áframhaldandi rekstur þess er í hættu, og endurgjald það sem greitt er við þær kringumstæður,
    - samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og ramma Altmark-málsins og síðari fullnustu ákvörðunarinnar,
    - samkvæmt 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og gildissviðs Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð að því er varðar aðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja í erfiðleikum,
- og
- að lýsa skuli ákvörðunina ógilda á grundvelli þess að Eftirlitsstofnun EFTA hafi látið hjá líða að rökstyðja ákvörðun sína, eins og gerð er krafa um í 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, að hún sé brot á grundvallarreglum um góða stjórnsýslu og brot á þeirri skyldu að gera áreiðanleikakönnun, að skort hafi lagagrundvöll í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og/eða að brotið hafi verið gegn meginreglunni um réttarvissu.

**Kæra Konungsríkisins Noregs á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 2011/EES/61/03**  
**29. ágúst 2011**  
**(Mál E-11/11)**

Hinn 29. ágúst 2011 lagði Konungsríkið Noregur fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirsvari eru Ketil Bøe Moen, aðstoðarlögmaður við skrifstofu ríkissaksóknara, og Beate Gabrielsen, ráðgjafi á lagaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Kröfur sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn ógildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 205/11/COL frá 29. júní 2011, og
2. Dómstóllinn geri Eftirlitsstofnun EFTA að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:*

- Eftirlitsstofnun EFTA lýsti því yfir í ákvörðun 205/11/COL frá 29. júní 2011 að þær þrjár ráðstafanir sem kveðið er á um í viðbótarsamningi sem stjórnvöld í Noregi og Hurtigruten undirrituðu árið 2009 teldust ríkisaðstoð sem er ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES, að svo miklu leyti sem þær fælu í sér ofgreiðslu fyrir almannaþjónustu.
- Sóknaraðili fer fram á ógildingunni hinar umdeildu ákvörðunar.
- Sóknaraðili telur m.a. að Eftirlitsstofnun EFTA hafi:
  - byggt ákvörðun sína á augljósri, rangri beitingu laga og/eða framkvæmt rangt mat með því að úrskurða að ráðstafanirnar sem um ræðir teldust ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins,
  - byggt ákvörðun sína á augljósri, rangri beitingu laga og/eða framkvæmt rangt mat samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins,
  - brotið gegn meginreglunni um réttarvissu þegar hún samþykkti hina umdeildu ákvörðun, og
  - látið hjá líða að rökstyðja hina umdeildu ákvörðun á fullnægjandi hátt samkvæmt 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

**Kæra Asker Brygge AS á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram  
13. september 2011  
(Mál E-12/11)**

2011/EES/61/04

Hinn 13. september 2011 lagði Asker Brygge AS fram kæru fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirsvari eru Thomas Nordby, lögmaður, og Espen Bakken, lögmaður, Arntzen de Besche Advokatfirma AS, Bygdøy allé 2, 0204 Ósló, Noregi.

Kröfur sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi ógildar 1. og 2. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 232/11/COL.
2. Dómstóllinn geri Eftirlitsstofnun EFTA að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:*

- Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun 232/11/COL frá 13. júlí 2011 um tilkynningu á sölu lóðar við Nesøyveien 8, gnr. 32 bnr. 17 í sveitarfélaginu Asker að salan teldist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og að hana bæri að endurgreiða.
- Sóknaraðili fer fram á ógildingu hinnar umdeildu ákvörðunar.
- Sóknaraðili telur m.a. að Eftirlitsstofnun EFTA hafi:
  - ranglega beitt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins í mati sínu á því hvort Asker Brygge hafi notið efnahagslegs ávinnings í skilningi þeirrar greinar,
  - skjátlást í mati sínu á þeim tíma sem lagður er til grundvallar útreikningum á því hvort ríkisaðstoð hafi verið veitt í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, og
  - ekki tekið tilhlýðilegt tillit til þess að salan byggist á kaupréttarsamningi.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2011/EES/61/05

(mál COMP/M.6235 – Honeywell/Sinochem/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. október 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Honeywell International Inc. („Honeywell“) og hið kínverska Sinochem Lantian Company Ltd. („Sinochem Lantian“), sem er hluti af Sinochem-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu kínversku fyrirtæki („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Honeywell: vörur og þjónusta á sviði loftfara, sjálfvirkni- og stýrilausnir, sérnotæfni og flutninga- og orkukerfi
  - Sinochem Lantian: rannsóknir og þróun og framleiðsla á íðefnum, lyfjadreifing, verkfræðihönnun, framleiðsla á varnarefnum og fasteignaþróun. Sinochem Lantian er hluti af Sinochem-samsteypunni sem stundar margvíslega starfsemi, m.a. í tengslum við íðefni, orku, fjármál og fasteignir
  - JV: framleiðsla á HFC-245fa, þanefni sem verður einkum selt til framleiðslu á pólýúretanfrauði úr lokuðum blöðrum til einangrunar. Sameiginlega fyrirtækið mun aðeins starfa í Asíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 323, 8. nóvember 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6235 – Honeywell/Sinochem/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6382 – Unipapel/Spicers)**

2011/EES/61/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. október 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Unipapel SA („Unipapel“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í rekstri Spicers á meginlandi Evrópu („Spicers CE“), sem lýtur endanlegum yfirráðum breska fyrirtækisins DS Smith PLC („DS Smith“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Unipapel: framleiðsla og hefðbundin heildsala með skrifstofuvörur, m.a. allar rekstrarvörur og varanlegar vörur sem þörf er fyrir á skrifstofum. Fyrirtækið stundar einnig heildsöludreifingu á upplýsingatæknivörum (einkum rekstrarvörum prentara)
  - Spicers CE: starfar að hefðbundinni heildsölu á skrifstofuvörum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 328, 11. nóvember 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6382 – Unipapel/Spicers, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6389 – Eni/Nuon Belgium/Nuon Wind Belgium/Nuon Power Generation)**

2011/EES/61/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. nóvember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Eni S.p.A. („Eni“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í belgíska fyrirtækinu Nuon Belgium N.V. („Nuon Belgium“), sem fer með eignarhald á öllum hlutum í belgísku fyrirtækjunum Nuon Wind Belgium N.V. („Nuon Wind Belgium“) og Nuon Power Generation Walloon N.V. („Nuon Power Generation Walloon“), sem bæði tilheyra endanlega hinu sænska Vattenfall AB.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Eni: Móðurfélag Eni-samsteypunnar, samþætts orkufyrirtækis á Ítalíu með starfsemi sem lýtur að leit, framleiðslu, flutningum, vinnslu og markaðssetningu á olíu og gasi, ásamt sem það framleiðir og selur rafmagn, iðefni sem eru unnin úr jarðolíu, þjónustu við olíulindir, svo og þjónustu á sviði byggingastarfsemi og tækni
  - Nuon Belgium: smásali á gasi og rafmagni í Belgíu og móðurfélag Nuon Wind Belgium sem á og rekur vindorkuver með þremur hverflum í Belgíu
  - Nuon Power Generation Walloon: stofnað til að þróa verkefni á sviði raforkuframleiðslu með samþættum gashverflum í Valloníu í Belgíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 328, 11. nóvember 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6389 – Eni/Nuon Belgium/Nuon Wind Belgium/Nuon Power Generation, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6405 – Banco Santander/Certain Assets of RBS (Rainbow))**

2011/EES/61/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. október 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Banco Santander S.A. („Banco Santander“) öðlast með eignakaupum yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hlutum breska fyrirtækisins The Royal Bank of Scotland Group („Rainbow“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Banco Santander: móðurfélag alþjóðlegrar samsteypu banka og fjármálafyrirtækja sem starfa í Bretlandi, á Spáni og í nokkrum öðrum Evrópulöndum, svo og í Rómönsku Ameríku
  - Rainbow: viðskiptabankaþjónusta og bankaþjónusta við lítil og meðalstór fyrirtæki og önnur fyrirtæki í Bretlandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 324, 9. nóvember 2011). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6405 – Banco Santander/Certain Assets of RBS (Rainbow), á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6408 – EAH/Mitsubishi Electric/Mitsubishi/ETAM)**

2011/EES/61/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. október 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið ETA Ascon Holding LLC („EAH“) frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum og japönsku fyrirtækin Mitsubishi Electric Corporation („Mitsubishi Electric“) og Mitsubishi Corporation („Mitsubishi“), öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu ETA Melco Elevator Company LLC („ETAM“) frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - EAH: fjárfestingar- og eignarhaldsfélag sem starfar á mörgum sviðum byggingarstarfsemi
  - Mitsubishi Electric: framleiðsla og sala á rafmagns- og rafeindabúnaði sem er notaður í tengslum við orku og orkukerfi, sjálfvirkni í iðnaði, upplýsinga- og fjarskiptakerfi, rafeindatæki og heimilistæki
  - Mitsubishi: almennt viðskiptafélag sem stundar margvíslega starfsemi, m.a. á sviði orku, málma, vélbúnaðar, iðefna, matvæla og almennrar framleiðsluvöru
  - ETAM: sala, uppsetning og viðhald á lyftum og rúllustigum í Asíu og Mið-Austurlöndum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 324, 9. nóvember 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6408 – EAH/Mitsubishi Electric/Mitsubishi/ETAM, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6420 – Dong Energy/Shell Gas Direct)**

2011/EES/61/10

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. nóvember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem danska fyrirtækið Dong Energy A/S („Dong“), fyrir milligöngu dótturfélags síns í einkaeigu, Dong Energy Sales UK Limited, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í breska fyrirtækinu Shell Gas Direct Limited („Shell Gas“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Dong: samþætt orkufyrirtæki sem rannsakar og framleiðir olíu og gas, framleiðir raforku og dreifir, stundar heildsölu og smásölu á jarðgasi og raforku í Danmörku og Norður-Evrópu
  - Shell Gas: selur viðskiptavinum öðrum en heimilum í Bretlandi gas, selur fyrirtækjum gas
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 328, 11. nóvember 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6420 – Dong Energy/Shell Gas Direct, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
